

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 243/2018**

2021/EES/62/22

frá 5. desember 2018

**um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/771 frá 25. janúar 2018 um viðeigandi kerfi til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis festingarbúnaðar sem notaður er við byggingarframkvæmdir og sem ætlaður er til að koma í veg fyrir eða stöðva fall úr hæð samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 1zzm (framseld ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/779) í XXI. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„1zzn. **32018 D 0771**: Framseld ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/771 frá 25. janúar 2018 um viðeigandi kerfi til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis festingarbúnaðar sem notaður er við byggingarframkvæmdir og sem ætlaður er til að koma í veg fyrir eða stöðva fall úr hæð samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 (Stjtið. ESB L 129, 25.5.2018, bls. 82).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framseldrar ákvörðunar (ESB) 2018/771, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. desember 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. desember 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Oda Helen Sletnes**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 129, 25.5.2018, bls. 82.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.